

REGLUGERÐ

um þátttöku sveitarfélaga í kostnaði sjúkrasamlaga.

1. gr.

Af heildarkostnaði vegna sjúkrasamlaga greiðir ríkissjóður 85% en sveitarsjóðir samtals 15% með þeim hætti sem segir í 2. gr.

2. gr.

Hlutdeild sína í heildarkostnaði sjúkrasamlaga greiða sveitarfélög innan hvers samlags-svæðis með því að greiða af kostnaði sjúkrasamlags síns frá 1. janúar 1986 eins og hér segir:

Sjúkrasamlag Gullbringusýslu	19,05%
Sjúkrasamlag Kjósarsýslu	17,84%
Sjúkrasamlag Mýra- og Borgarfjarðarsýslu	13,50%
Sjúkrasamlag Snæfellsness- og Hnappadalssýslu	14,71%
Sjúkrasamlag Dalasýslu	16,97%
Sjúkrasamlag Austur-Barðastrandarsýslu	16,07%
Sjúkrasamlag Vestur-Barðastrandarsýslu	17,47%
Sjúkrasamlag Ísafjarðarsýslu	15,57%
Sjúkrasamlag Strandasýslu	17,17%
Sjúkrasamlag Vestur-Húnavatnssýslu	16,08%
Sjúkrasamlag Austur-Húnavatnssýslu	15,03%
Sjúkrasamlag Skagafjarðarsýslu	13,61%
Sjúkrasamlag Eyjafjarðarsýslu	36,95%
Sjúkrasamlag Þingeyjarsýslu	18,97%
Sjúkrasamlag Norður-Múlasýslu	17,57%
Sjúkrasamlag Suður-Múlasýslu	15,87%
Sjúkrasamlag Austur-Skaftafellssýslu	18,01%
Sjúkrasamlag Vestur-Skaftafellssýslu	20,93%
Sjúkrasamlag Rangárvallasýslu	21,21%
Sjúkrasamlag Árnessýslu	17,50%
Sjúkrasamlag Keflavíkur	15,58%
Sjúkrasamlag Njarðvíkur	15,01%
Sjúkrasamlag Grindavíkur	16,16%
Sjúkrasamlag Hafnarfjarðar	17,56%
Sjúkrasamlag Garðabæjar	16,39%
Sjúkrasamlag Kópavogs	18,08%
Sjúkrasamlag Seltjarnarness	17,90%
Sjúkrasamlag Akraness	13,59%
Sjúkrasamlag Ísafjarðar	14,28%
Sjúkrasamlag Bolungarvíkur	15,64%
Sjúkrasamlag Sauðárkróks	14,44%
Sjúkrasamlag Siglufjarðar	16,02%
Sjúkrasamlag Ólafsfjarðar	28,29%
Sjúkrasamlag Dalvíkur	32,73%
Sjúkrasamlag Akureyrar	29,64%
Sjúkrasamlag Húsavíkur	14,45%
Sjúkrasamlag Seyðisfjarðar	16,58%
Sjúkrasamlag Neskaupstaðar	13,03%
Sjúkrasamlag Vestmannaeyja	22,46%
Sjúkrasamlag Reykjavíkur	20,15%

3. gr.

Framlagi sveitarsjóða innan hvers samlagssvæðis skal jafnað niður á sveitarfélögin í réttu hlutfalli við fjölda íbúa 16 ára og eldri miðað við síðasta manntal.

4. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt lögum nr. 117 31. desember 1976 um breyting á lögum nr. 67 20. apríl 1971, um almannatryggingar og öðlast þegar gildi. Jafnframt er úr gildi numin reglugerð um sama efni nr. 804 27. desember 1982.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 27. febrúar 1986.

Ragnhildur Helgadóttir.

Jón Ingimarsson.

GJALDSKRÁ

**fyrir leyfi til starfrækslu jarðstöðva fyrir móttöku
sjónvarpsefnis um fjarskiptatungl.**

Leyfisgjald.

1. gr.

Greiða skal sérstakt gjald, leyfisgjald, fyrir leyfi er ráðherra veitir einstaklingum til að starfrækja jarðstöðvar til móttöku sjónvarpsefnis fyrir eigin not.

Leyfisgjald samkvæmt 1. mgr. skal nema kr. 2 000,00.

2. gr.

Ennfremur skal greiða sérstakt gjald, leyfisgjald, fyrir starfræksluleyfi sem ráðherra veitir þeim aðilum sem dreifa móttöknu sjónvarpsefni innanhúss.

Leyfisgjald samkvæmt 1. mgr. skal nema kr. 3 000,00.

Eftirlitsgjald.

3. gr.

Vegna skoðunar- og eftirlits Póst- og símamálastofnunar með búnaði skal greiða eftirlitsgjald kr. 3 000,00.

Innheimta gjalda o. fl.

4. gr.

Samgönguráðuneytið annast innheimtu samkvæmt gjaldskrá þessari.

5. gr.

Ofangreind gjaldskrá, sem sett er skv. 7. gr. reglugerðar nr. 7/1986 um starfrækslu jarðstöðva fyrir móttöku sjónvarpsefnis um fjarskiptatungl, sbr. lög nr. 73/1984 um fjarskipti öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

Samgönguráðuneytið, 27. febrúar 1986.

Matthías Bjarnason.

Halldór S. Kristjánsson.